



Strandminjar hafa verið mikið í umræðunni upp á síðkastið og þá sérstaklega í ljósi þeirri hættu sem þeim stafar sérstaklega af náttúruöflunum. Skráning strandminja er gríðarlega mikilvæg svo og kortlagning þeirra þar sem hún getur auðveldað forgangsröðun á verkefnum. Staða strandminja hér á landi bendir til þess að efla þurfi rannsóknir og styrkja og jafnframt forgangsráða hvaða stöðum þarf sérlega að huga að og meta til hvaða aðgerða þarf að grípa til varnar þessara minja.

Árið 2003 fór fram skráning á minjum tengdum sjósókn og vinnslu sjávaraflla auk útgerðar- og verslunarstaða á svæðinu frá Fáskrúðsfirði til Norðfjarðar. Þar voru skráðar á vettvangi um 200 minjar og um 150 minjar í svæðisskráningu eða um 350 minjar í allt. Var áfangaskýrsla

gefin út árið 2003 eftir Guðnýju Zoëga og Geir Hólm sem ber heitið Sjóminjaskráning Austfjarða: Fjarðarbyggð, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðabyggð. Þarna voru skráðir minjastaðir eins og tóftir, sjóhús, naust og verbúðir og er þetta mikill fjöldi miðað við stærð skráningarsvæðisins.

Margir aðrir staðir á Austurlandi eru áhugaverðir og tengjast strandminjum og má hér nefna til dæmis þrjá staði sem búið er að rannsaka eða skrá. Rannsókn á verslunarstaðnum Gautavík í Berufirði fór fram árið 1979. Takmarkið þar var að finna merki um viðskiptatengsl Íslands á seinni hluta miðalda með hjálp fornleifafræðilegra rannsókna en Gautavík er oft getið sem verslunarstaðar í miðaldahandritum og rústirnar voru auðgreinilegar. Við Papafjörð í Hornafirði finnast minjar sem gefa til kynna sjósókn Lónsmanna hér áður fyrr. Samkvæmt fornleifaskráningu var Þorgeirsstaðaklif einn helsti útróðrarstaður Lónsmanna. Á staðnum er að finna ýmsar minjar líkt og naust, uppsátur og bryggjur. Þeirri rannsókn hefur verið gerð skil í Fornleifaskráningu í Þorgeirsstaðaklifum eftir þær Völu Garðarsdóttur og Sigríði G. Björgvinsdóttur frá 2015. Á Seley við Reyðarfjörð var einnig töluverð útgerð hér áður fyrr en fornleifaskráning fór þar fram árið 2011 og skráningin unnin af Guðnýju Zoëga. Í Seley tengjast minjarnar þeirri starfsemi sem þar fór fram og eru dæmigerðar fyrir sjósókn hér áður þegar sjávarhlunnindi skiptu miklu. Ágangur sjávar og lundabyggð eru þar aftur á móti dæmi um ógn gegn minjunum.

## NÝR SAFNSTJÓRI Á SIGLUFIRÐI



Syngjandi safnstjórinn Anita Ellefsen t.h. ásamt systur sinni Sigríði, við síldarsöltun á Norrænu strandmenningarhátiðinni í Karlskrona 2013.

Aníta Ellefsen hefur verið ráðin nýr safnstjóri við Síldarminjasafnið á Siglufirði frá 1. apríl. Tekur hún við af Örylgi Kristfinnssyni sem stýrt hefur safninu af miklum myndarskap í tuttugu ár. Anita hefur verið rekstrarstjóri safnsins síðastliðin fimm ár. Örylgi mun halda áfram að sinna safninu í hlutastarfi enda ómissandi við rekstur safnsins. Vitafélagið sendir Örylgi kærar kveðjur fyrir frábært samstarf á liðnum árum og hlakkar til samstarfs við Anítu í framtíðinni.



Fréttabréf

Íslenska Vitafélagið 1. töl 2016  
- íslensk strandmenning

Vorið kemur  
heimur hlýnar  
hjartað mitt...

Vetur konungur er að baki og sumarið á næsta leiti. Vetrardagskrá Vitafélagsins lýkur brátt, en að venju hefur félagið haldið úti viðamiklum fræðslufundum einu sinni í mánuði frá október til apríl. Yfirskriftin í vetur var Strandmenning – auður og ógnir. Annars vegar hafa sérfræðingar fjallað um fornleifar sem eru að hverfa vegna ágangs sjávar. Hins vegar hefur verið rætt um nýtingu strandarinnar og þess sem við sjóinn finnst til uppbyggingar og atvinnusköpunar. Rætt var um málefnið út frá hverjum landshluta fyrir sig. Byrjað var á Reykjanesi, síðan var fjallað um Vestfirðina, þá Siglunes og Siglufjörð, síðan var rætt um uppbygginguna á Fáskrúðsfirði og endað á Snæfellsnesi, Gufuskálum og svæðisgarðinum. Fræðslufundirnir hafa verið ákaflega vel sóttir - oftast en ekki vel yfir hundrað manns.

Eins og venjulega heldur Vitafélagið Vorþing sem í ár verður í Vestmannaeyjum á Sjómannadaginn, laugardaginn 4. júní í samvinnu við heimamenn. Vert er að hvetja alla sem vettlingi geta valdið til að mæta til Eyja og taka þátt í hátíðarhöldum Sjómannadagsins með Eyjamönnum sem eru á meðal fárra sem enn halda þennan dag hátíðlegan og dansa fram á rauða nótt.

Framundan er svo Norræna strandmenningarhátiðin sem haldin verður í „Vágur“ á Suðurey dagana 7.-10. júlí næstkomandi. Verður „Færöske regattan“ hluti af hátíðinni sem sjá má frekari upplýsingar um á <http://nordiskustkultur.com/Festival/v%C3%A1gur%202016.html> Yfirskrift þessarar hátíðar er „Havet som næringsvej“. Eins og undanfarið verður talsverð dagskrá á vegum Vitafélagsins á hátíðinni. Í þetta sinn verður sjónum beint að strandmenningu við Breiðafjörð með þátttöku heimamanna þaðan. Verður áhersla lögð á menningu og mat frá þessu svæði og einnig verða sendir tveir bátar til Færeyja frá Bátasafninu á Reykhólum. Allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Norrænu strandmenningarhátiðarinnar sem er <http://nordiskustkultur.com/Festival/index.html>

Nú er stefnt að því að árið 2018 verði Norræna strandmenningarhátiðin haldin á Siglufirði í tilefni afmælis bæjarins. Einnig er unnið að því að halda ráðstefnu á Grænlandi um norræna strandmenningu og samstarf norræna grasrótarfélaga. Undirbúningur er þegar hafinn að báðum þessum verkefnum.

Vitafélagið hefur í samvinnu við Norrænu strandmenningarfélagin lagt til að smíði súðbyrðingsins verði skráð á Lista Unesco yfir óáþreifanlegar menningarminjar (Unesco List of Intangible Cultural Heritage of Humanity). Er málið til umfjöllunar hjá öllum Norrænu menningarmálaráðuneytum og Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur hvatt norrænu ráðherrana til að veita málinu brautargengi. Einnig er í bígerð að vinna með öðrum íslenskum frjálsum félagasamtökum að innleiðingu UNESCO sáttmálann um verndum menningarerfða.

Eins og sjá má á þessarri upptalningu er margt að gerast í félaginu og fúsar hendur því vel þegnar til að leggja hönd á plóg. Eflum strandmenninguna með verndun, nýtingu og nýsköpun.

Sigrún Klara og Sigurbjörg

VINSAMLEGAST MUNIÐ AD GREIDA FÉLAGSGJÖLDIN



## ÍSLENSKAR SJÓKONUR - ÞÆR SAUMUÐU, SPUNNU, STÝRÐU SKEIÐ <sup>1)</sup>

- Íris Gyða Guðbjargardóttir

Heimildir um sjósókn íslenskra kvenna er að finna í fornum textum og sögum allt frá landnámi. Í Laxdæla sögu segir af landnámskonunni Auði djúpúðgu sem nam land við Breiðafjörð. Hún sigldi yfir Atlantshafið frá Suðreyjum, sem liggja við vesturströnd Skotlands, á skipi sem hún átti sjálf. Elstu heimildir sýna að konur hafa sótt sjóinn frá fyrstu tíð og svo virðist sem síst hafi dregið úr sjósókn kvenna í aldanna rás.

Launajafnræði hefur almennt ríkt meðal karla og kvenna sem sótt hafa sjó og sækja sjó. Lagaákvæði um sömu laun kvenna og karla – trúlega þau fyrstu á Íslandi – er að finna í Alþingissamþykkt frá 13. júní 1720 um lausamenn, vinnuhjú og lausgangara. Þar segir m.a. í kaflanum um vinnuhjú: „Ef kona gjörir karlmannsverk með slætti, róðri eða torfristu, þá á að meta verk hennar sem áður segir um karlmann til slíkra launa.“ Þó fáir muni eftir þessari löggjöf þá er hún mikilvæg og fáheyrt dæmi um jafnræði milli kynja. Henni virðist einnig hafa verið fylgt eftir.

Á síðari hluta 19. aldar voru sjálfstæðisbaráttan og þjóðernisrómantik í brennidepli og þéttbýlismyndun átti sér stað í auknum mæli. Hlutverk kvenna sem mæður og húsmæður var nú rómað sem aldrei fyrr. Í kjölfarið fór að bera á neikvæðri afstöðu gagnvart sjósókn kvenna. Þeim var fremur ætlað að vinna úr aflanum en sækja hann sjálfar. Þrátt fyrir þessar miklu breytingar og áherslu á vinnu kvenna í landi í þéttbýli drógu konur í dreifbýli sem fyrr björg í bú fyrir sig og fjölskyldu sína eða húsbændur. Fyrst um sinn var hins vegar lítið um konur á stærri skipunum.


Um 1930 fjölga konum á togurum. Margar þeirra störfuðu sem kokkar en hefð var fyrir því að kokkar, jafnt karlar sem konur, gengju í hásetastörf milli eldhúsvverka. Fengu þeir fjórðungi eða helmingi hærri hlut en hásetar. Konum fjölgaði til sjós í síðari heimsstyrjöldinni. Á árunum 1950–1970 fengu fleiri konur störf sem hásetar, jafnvel vélstjórar. Fram yfir um 1990 voru flestar konur sem störfuðu á togurum kokkar, en á síðari árum hafa fleiri ráðið sig sem hásetar.

Möguleikum kvenna á fjölbreyttari störfum um borð fjölgaði meðfram hækkandi menntunarstigi innan greinarinnar. Snemma á 20. öld stjórnðu sjókonur og viðhéldu vélum minni báta. Frá 1920–1980 stóð konum einkum til boða að starfa sem loftskeytamenn um borð í skipum. Frá og með 8. áratugnum fjölgaði þeim störfum á sviði rannsókna á sviði fiskveiða sem konur gegndu sem og stöðu framleiðslustjóra. Fjöldi kvenna hefur tekið „pungaprófið“ sem veitir réttindi til að stýra minni strandveiðibátum. Þrátt fyrir að fjöldi kvenna hafi gegnt stöðu formanns allt fram á 20. öld höfðu þegar komið var fram á áttunda áratuginn einungis 11 konur verið skráðar sem skipstjórar stærri skipa, og hafði enginn af þeim stundað nám við Sjómannaskólann. En snemma á níunda áratugnum höfðu fjórar konur lokið námi við skólann, tvær til viðbótar eftir árið 2000 og a.m.k. sjö aðrar á árunum 2008–2013.

Margir þættir hafa haft áhrif á sveiflur í fjölda kvenna á sjó frá einum áratug til annars. En þegar á heildina er lítið má segja að meðal helstu áhrifavalda á störf kvenna til sjós alla tuttugustu öldina hafi verið framboð og eftirspurn eftir vinnuafli. Þegar karlmenn sækja síður í sjómennsku, t.d. á 8. og 10. áratug 20. aldar, hefur skapast meira rými fyrir konur.

Þessi misserin er sýning um Sjókonur í Sjóminjasafninu í Reykjavík. Sýningin er samstarfsverkefni Borgarsögusafns og Dr. Margaret E. Willson mannfræðings og byggir á rannsóknum hennar. Undanfarin ár hefur hún safnað heimildum um sjósókn íslenskra kvenna, frá upphafi byggðar til vorra daga og mun koma út bók um efnið á árinu.

1) Fyrirsögnin er lína úr Breiðfirðingavísu  
Faldasunna sál var heið,  
þær saumuðu, spunnu, stýrðu skeið,  
þeim var kunnug láar leið,  
lögð yfir grunna svæðin breið.



Unnur Skúladóttir rækjusérfræðingur hjá Hafrannsóknarstofnun, um borð í Maríu Júlíu, við upphaf starfsferils síns árið 1964.

## BÁTA- OG HLUNNINDASÝNINGIN Á REYKHÓLUM EHF

- Sigurður Bergsveinsson

Upphaf félagsins má rekja til þess að um nokkurra ára skeið höfðu tvö félög í Reykhólahreppi, Félag áhugamanna um bátasafn Breiðafjarðar (FÁBBR) og Æðarvé, æðarræktarfélag bænda, rekið tvær sýningar í samvinnu við Reykhólahrepp. Annars vegar Hlunnindasýningu sem sett var upp 2002 og hinsvegar Bátasýningu sem sett var upp 2008. Sýningarnar voru í sama húsnæðinu að Maríutröð 5b sem er í eigu Reykhólahrepps.

Það var svo haustið 2010 að félagið var stofnað af FÁBBR, Æðarvéum og Reykhólahreppi. Sumarið 2011 var síðan opnuð ný sýning á grunni gömlu sýninganna og fékk hún heitið Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum. Haustið 2015 bættist við stórt safn gamalla bátavéla sem Þórhallur Matthíasson frá Litlabæ í Skötufirði hafði safnað, alls rúmlega 100 vélar af 40 tegundum.

Sýningin er gluggi að skemmtilegum heimi fugla, báta og náttúrunytja Breiðafjarðar. Meðal annars fá gestir að kynnst æðarfuglinum á sérstakan hátt og fræðast um gömlu súðbyrðingana með breiðfirsku laginu. Á þessari lifandi sýningu er hægt að sjá stuttar og lengri heimildamyndir um lífið í Breiðafjarðareyjum, sem teknar voru um miðbik síðustu aldar.

Félagið rekur einnig kaffihús og upplýsingamiðstöð ferðamanna. Stjórnarformaður er Hafliði Aðalsteinsson skipasmíðameistari frá Hvallátrum og framkvæmdastjóri er Harpa Björg Eiríksdóttir ferðamálafræðingur frá Stað á Reykjanesi.

FÁBBR hefur staðið fyrir Bataðögum á Breiðafirði fyrstu helgina í júlí á hverju sumri síðan 2008 utan 2013 er þeir féllu niður vegna veðurs. Bataðagar FÁBBR hafa verið mörgum bátseigandanum hvatning til að standsetja bátinn og koma og sigla honum undir leiðsögn manna sem eru vanir slíkum bátum.

Bataðagarnir hafa því stuðlað að einkonar „vakningu“ í varðveislu súðbyrtra báta. Heimamenn hafa miðlað fróðleik um þá staði sem heimsóttir hafa verið, hefur það verið margt mjög áhugavert.

FÁBBR hefur frá 2010 boðið upp á námskeið í smíði súðbyrtra trébáta. Nú eru námskeiðin haldin í samvinnu við lðu fræðslusetur og haldin í nýju og glæsilegu húsnæði lðu að Vatnagörðum 20 í Reykjavík. Kennsluna hafa annast Hafliði Aðalsteinsson og Eggert Björnsson stjórnarmenn í FÁBBR og þeir settu einnig saman kennslubók í smíði súðbyrtra trébáta.

Ásdís Thoroddsen kvikmyndagerðarmaður og félagsmaður í FÁBBR hefur gert tvær kvikmyndir, Björg leiðarvísir í bátasmíði og Súðbyrðingur – saga báts en þessar myndir eru hafsjór fróðleiks um súðbyrðinga og sögu þeirra. Sumarið 2010 lauk Eggert Björnsson við saum á skinnklæðnaði eins og sjómenn hafa notað í aldanna rás. Eggert kvikmyndir af kúfisk plægingu með Magnúsi Guðmundssyni í Tungu, Tálknafirði. Ætlunin er að taka upp úr skeljunina, uppsetninguna á línunni, beitningu, þegar línar eru lögð og hún dregin. Vinnubrögðin eru slík eins og þau voru við höfð í lok árabátaldar.

FÁBBR tók þátt í Sail Húsavík árið 2011 og mun taka þátt í strandmenningarhátíðinni í Suðrey í Færeyjum dagana 7-10 júlí nk.

## NÁTTLAUS VORALDAR VERÖLD



Engin nótt er jafn dulúðug, kraftmikil, kynngimögnuð og töfum prýdd eins og Jónsmessunótt og fáir staðir eru jafn miklum ljóma vafðir og vitar landsins. Þetta hefur einn af stjórnarmönnum Vitafélagsins reynt. Hilmar Sigvaldason á Akranesi er ekki samur eftir veru sína við vitann á Jónsmessunótt. Í ár ætlar hann enn og aftur að fagna Jónsmessu í vitanum og enn og aftur biðlum við til ykkar um þátttöku. Finndu þér vita 25. júní, efndu til tónleika eða annarra listviðburða á miðnætti og fagnaðu Jónsmessu. Opnaðu augu fólks fyrir dulúð og margþættum nýtingarmöguleikum vitans. Hafðu í huga að frá því vitinn á Akranesi opnaði dyr sínar hafa yfir 30 þúsund manns sótt hann heim.

Vertu með og hafðu samband við Hilmar í s. 893010 eða Sibbu í s. 8234417.